

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Dagsetning: 13.01.2020
Málsnúmer: FJR19080043
Bréfalykill: 3.6
Efni: Viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins við umsögnum um frumvarp til laga um verðbréfamistöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna (þskj. 460, 370. mál).

I. Inngangur

Í minnisblaði þessu er að finna viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins við umsögnum sem bárust til efnahags- og viðskiptanefndar vegna frumvarps til laga um verðbréfamistöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna (þskj. 460, 370. mál). Efnahags- og viðskiptanefnd bárust sex umsagnir vegna frumvarpsins frá Nasdaq verðbréfamistöð, Verðbréfamistöð Íslands, Samtökum fjármálafyrirtækja, Fjármálaeftirlitinu, Samtökum atvinnulífsins og Viðskiptaráði Íslands.

II. Viðbrögð við umsögnum sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd

A. Umsögn Verðbréfamistöðvar Íslands.

Verðbréfamistöð Íslands leggur í umsögn sinni áherslu á hvernig samkeppni á milli verðbréfamistöðva fer fram. Vísað er í 2. máls. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög sem kveður á um að hlutabréf megi gefa út með rafrænum hætti í verðbréfamistöð samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins. Verðbréfamistöð Íslands telur að það yrði til bóta að lög kveði á um að stjórn félags, geti á sama hátt tekið ákvörðun um að taka aðra fjármálagerna til rafrænnar skráningar, sem og að taka slíka gerninga úr rafrænni skráningu í tiltekinni verðbréfamistöð, en þetta leiði raunar af almennum reglum og eðli máls. Sé ekki mælt fyrir um þetta atriði í skráðum lögum, sér í lagi ákvörðun um afskráningu, sé viðbúið að markaðsráðandi aðilar reyni að byggja hindranir sem standi flutning útgáfa milli verðbréfamistöðva í vegi. Þess megi sjá merki í reglum Nasdaq verðbréfamistöðvar, t.a.m. í grein 3.6.1. að óski útgefandi afskráningar þurfi fullnægjandi samþykki eigenda rafréfanna í stað þess að ákvörðun stjórnar nægi líkt og lög mæli fyrir um þegar bréf eru tekin til skráningar.

Það er afstaða ráðuneytisins að frumvarpið sé fyrst og fremst ætlað til innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör og um verðbréfamistöðvar en markmið hennar er meðal annars að stuðla að aukinni samkeppni á milli verðbréfamistöðva. Reglugerðin geymir ekki ákvæði um hvernig samningssambandi útgefanda fjármálagerna við verðbréfamistöð skal háttað og mógildandi lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa nr. 131/1997 fjalla ekki heldur um efnið. Þá er það almennt viðfangsefni félagaréttar að fjalla um hver getur skuldbundið félög. Ráðuneytið hefur því ekki talið heppilegt að leggja til séríslensk ákvæði sem kveða á um hvernig fara skuli með afskráningu rafréfa úr verðbréfamistöð heldur talið eðlilegt að kveðið sé á um slíkt í samningum á milli aðila sem kunna eftir atvikum að vísa til starfsreglna verðbréfamistöðvar. Þá er ferlið við afskráningu úr verðbréfamistöð nokkuð sem notendanefnd verðbréfamistöðvar kynni að vilja taka til athugunar en verðbréfamistöð ber að koma notendanefnd á fót samkvæmt 28. gr. reglugerðarinnar.

B. Umsögn Nasdaq verðbréfamistöðvar.

Nasdaq verðbréfamistöð segist í umsögn sinni ekki sjá ástæðu til að gera efnislegar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins.

C. Umsögn Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið (FME) gerir í umsögn sinni athugasemdir við þrjú atriði í frumvarpinu.

Í fyrsta lagi varðandi 28. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að stjórnarmenn verðbréfamistöðva megi einungis sinna þeim lögmannsstörfum fyrir aðra verðbréfamistöð sem ekki geta valdið hættu á hagsmunaaðrekstrum á milli félaganna tveggja eða á fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlitið bendir á að fyrirmynd þessa ákvæðis sé að finna í 52. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Telur Fjármálaeftirlitið ólíklegt að það geti samrýmt setu í stjórn verðbréfamistöðvar að sinna lögmannsstörfum fyrir aðra verðbréfamistöð. Telur Fjármálaeftirlitið því eðlilegra að taka alveg fyrir það í frumvarpinu að stjórnarmaður í verðbréfamistöð sinni lögmannsstörfum fyrir aðra verðbréfamistöð.

Ráðuneytið tekur undir þessa breytingartillögu.

Í öðru lagi telur Fjármálaeftirlitið heppilegra að bæta orðinu „önnur“ inn í fyrirsögn 29. gr. frumvarpsins svo fyrirsögnin hljóði: „Stjórnvaldssektir og önnur stjórnsvísluviðurlög.“

Tekið er undir þessa breytingartillögu.

Í þriðja lagi er lögð til breyting á 3. mgr. 29. gr. frumvarpsins en þar segir: „Fjármálaeftirlitinu er heimilt að beina fyrirráðgjöf til hvers þess sem ber ábyrgð á broti um að hætta framferðinu og endurtaka það ekki.“ Orðalagið er ekki talið samræmast 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi þar sem kveðið er á um að Fjármálaeftirlitinu sé skyld að gera úrbótakröfu komi í ljós að lög eða reglur hafi verið brotnar. Leggur stofnunin því til að kveðið sé á um skyldu í þessu sambandi í 3. mgr. 29. gr.

Tekið er undir þessa breytingartillögu.

D. Umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja.

Samtök fjármálafyrirtækja gera í umsögn sinni athugasemdir við fjögur atriði í frumvarpinu.

Í fyrsta lagi leggja samtökin til að orðið „hæfileg“ á undan „þóknun“ í 5. mgr. 8. gr. verði felld brott úr ákvæðinu því óljóst sé hvað sé átt við þar. Samkvæmt núgildandi lögum er reikningsstofnunum skyld að framkvæma skráningu í kerfi verðbréfamistöðvar, enda framvísi viðkomandi aðili viðhlítandi gögnum um grundvöll beiðninnar. Samtök fjármálafyrirtækja óskuðu eftir því í vinnu við frumvarpið að bætt yrði inn í ákvæðið heimild fyrir reikningsstofnanir til að taka þóknun vegna þessa en eins og kemur fram í athugasemdum við 8. gr. getur eignarskráning verið nauðsynleg í fleiri tilvikum en vegna viðskipta með fjármálagerninga, t.a.m. vegna erfða- eða búskipta. Leggur ráðuneytið til að kveðið verði á um að slík þóknun verði hæfileg og telur slíkt orðalag ekki valda erfiðleikum í framkvæmd eða hamla samkeppni á milli reikningsstofnana.

Í öðru lagi óska Samtök fjármálafyrirtækja eftir því að þingið taki til skoðunar hvort veita eigi útgefendum fjármálagerninga, annarra en hlutabréfa og hlutdeildarskírteina, viðlíka lagaheimild og finna má í 15. gr. frumvarpsins, til að afla upplýsinga um eigendur slíkra fjármálagerninga hjá verðbréfamistöð. Ráðuneytið leggst ekki gegn slíkri skoðun telji þingið og aðrir haghafar slíka breytingu æskilega og tæknilega mögulega.

Í þriðja lagi leggja Samtök fjármálafyrirtækja til að ákvæði VII. kafla frumvarpsins um skaðabætur verði felldur brott. Í 21.-23. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um skaðabótaábyrgð verðbréfamistöðvar og reikningsstofnunar á tjóni án þess að saknæmri háttsemi sé til að dreifa. Vísar Samtök fjármálafyrirtækja til þess að í greinargerð með frumvarpinu segi að ábyrgðin sé að norski og sænski fyrirmynd. Ráðuneytið vekur athygli á því að samsvarandi ákvæði um skaðabótaábyrgð verðbréfamistöðvar og reikningsstofnunar á tjóni er hins vegar einnig að finna í núgildandi lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Vísun Samtaka fjármálafyrirtækja í umsögn sinni til greinargerðar með norskum lögunum sem innleiða CSDR reglugerðina endurspeglar hins vegar ekki hvernig norsku lögin eru eftir umfjöllun norska þingsins um frumvarpið. Rétt er að lagt var til við norska þingið að dregið yrði úr bótaábyrgð frá því sem áður var en norska þingið hafnaði því og því var ákvæðinu breytt aftur í meðförum þingsins í þá veru að bótareglurnar yrðu með svipuðu sniði og áður. Meðal annars, í ljósi þess að á flestum Norðurlöndum er að finna svipuð ákvæði um bótaábyrgð og að núgildandi íslensk lög mæla fyrir um ríka bótaábyrgð verðbréfamistöðva og reikningsstofnana er lagt til að ákvæðin haldi gildi sínu. Því til stuðnings má jafnframt vísa til mikilvægis þess að almennt traust ríki um eignarskráningu fjármálagerninga og í garð mikilvægra innviða á fjármálamarkaði sem hafa þýðingu fyrir fjármálastöðuleika.

Í fjórða lagi leggja Samtök fjármálafyrirtækja til að í 30. gr. frumvarpsins verði refsiramminn lækkaður úr tveimur árum í eitt ár. Lagt er til að fylgja því sem núgildandi lög kveða á um hvað varðar sektir eða fangelsi allt að tveimur árum. Ákvæði 30. gr. er þannig að mestu samhljóða núgildandi 34. gr. d)-f) liðar laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa sem var sett með lögum nr. 58/2015 um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði. Því er lagt til að ákvæðin haldi sér sem er einnig í samræmi við ákvæði um viðurlög í annarri löggjöf á fjármálamarkaði.

E. Umsögn Samtaka atvinnulífsins.

Í umsögn Samtaka atvinnulífsins er tekið undir athugasemdir Samtaka fjármálafyrirtækja hvað varðar ákvæði 21.-23. gr. frumvarpsins um bótaábyrgð verðbréfamistöðva og reikningsstofnana, 5. mgr. 8. gr. um hvort rétt sé að lög geymi ákvæði um að þóknun sé hæfileg og loks 30. gr. frumvarpsins varðandi viðurlög.

Ráðuneytið hefur þegar lýst afstöðu sinni til þessara athugasemda í umfjöllun um umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja og telur ekki rétt að fallast á þessar breytingartillögur.

F. Umsögn Viðskiptaráðs Íslands.

Í umsögn sinni tekur Viðskiptaráð undir athugasemdir Samtaka fjármálafyrirtækja og leggur jafnframt til þá breytingu að kveðið verði á í lögum um afskráningu fjármálagerna og uppsagnarfrest þeirra. Ráðuneytið hefur lýst afstöðu sinni til þessara atriða hér á undan.



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2019
Tilvísun: 2019110040

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvubréfs frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis dags. 20. nóv. 2019 þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna (370. mál). Hér á eftir fylgja athugasemdir Fjármálaeftirlitsins vegna lagafrumvarpsins.

Um 28. gr.: Í 28. gr. frumvarpsins er kveðið um önnur störf sem stjórnarmenn verðbréfamiðstöðvar geta tekið að sér. Þar segir m.a. að „[s]tjórnarmenn verðbréfamiðstöðvar mega einungis sinna þeim lögmannsstörfum fyrir aðra verðbréfamiðstöð sem ekki geta valdið hættu á hagsmunaárekstrum á milli félaganna tveggja eða á fjármálamarkaði“. Fyrirmynd 28. gr. frumvarpsins er að finna í 52. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, eins og vísað er til í athugasemdum við 27.-29. gr. frumvarpsins. Telur Fjármálaeftirlitið ólíklegt að það geti samrýmt setu í stjórn verðbréfamiðstöðvar að sinna lögmannsstörfum fyrir aðra verðbréfamiðstöð. Að þessu leyti sé staðan ekki að öllu sú sama og í tilviki fjármálafyrirtækja sem eru fjölbreyttari fyrirtæki með mismunandi starfsleyfi og -heimildir, en verðbréfamiðstöðvar sinni að mestu leyti sömu verkefnum. Eðlilegra sé því að taka alveg fyrir það í frumvarpinu að stjórnarmaður í verðbréfamiðstöð sinni lögmannsstörfum fyrir aðra verðbréfamiðstöð.

Um 29. gr.: Þar sem stjórnvaldssektir eru almennt skilgreind sem stjórnarsýsluviðurlög þá telur Fjármálaeftirlitið heppilegra að bæta orðinu „önnur“ inn í fyrirsögn 29. gr. frumvarpsins sem yrði þá „Stjórnvaldssektir og önnur stjórnarsýsluviðurlög“.

3. mgr. 29. gr.: Í 3. mgr. 29. gr. kemur fram að „Fjármálaeftirlitinu er heimilt að beina fyrirmælum til hvers þess sem ber ábyrgð á broti um að hætta framferðinu og endurtaka það ekki.“ Þetta orðalag samræmist ekki ákvæði 1. mgr. 10. gr. laga 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi þar sem kveðið er á um að Fjármálaeftirlitinu sé skyld að gera úrbótakröfu komi í ljós að lög eða reglur hafi verið brotnar í starfsemi eftirlitsskylds aðila. Leggur stofnunin því til að kveðið sé á um skyldu í þessu sambandi í 3. mgr. 29. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Anna Mjöll Karlsdóttir


Rúnar Örn Olsen

Reykjavík, 3. desember 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu, 370. mál á 150. löggjafarþingi; 2019 – 2020

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að það byggi á starfi nefndar sem skipuð var fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Fjármálaeftirlitsins, Seðlabanka Íslands, Samtaka fjármálafyrirtækja, Nasdaq verðbréfamiðstöðvar og Verðbréfamiðstöðvar Íslands (áður Undirbúningsfélag um Verðbréfamiðstöð Íslands). Þar er einnig vísað til þess að frumvarpið feli í sér innleiðingu reglugerðar Evrópusambandsins, á grundvelli EES-samningsins. Megintilfni framlagningar frumvarpsins sé að innleiða í íslenskan rétt ákvæði reglugerðarinnar um bætt verðbréfauppgjör innan Evrópusambandsins og um verðbréfamiðstöðvar. Markmið sé að bæta verðbréfauppgjör, tryggja heilindi í verðbréfaútgáfu, gera ríkari kröfur til starfsemi verðbréfamiðstöðva og tryggja að íslensk löggjöf á þessu sviði sé í samræmi við gildandi rétt á Evrópska efnahagssvæðinu. Þeim reglum sem frumvarpið felur í sér er ætlað að stuðla að auknum fjármálastöðugleika og draga úr líkum á fjármálaáföllum.

Landssamtök lífeyrissjóða (LL) styðja þau markmið sem þarna eru rakin og liggja að baki frumvarpinu. Það leiðir af þeim reglum sem gilda um innleiðingar reglugerða Evrópusambandsins að stjórnvöld hafa mjög takmarkað svigrúm til að víkja frá þeim með sérstökum útfærslum eða frávikum. Fyrir fjárfesta eins og lífeyrissjóði er afar mikilvægt að öryggi sé tryggt við rafrænar eignaskráningar verðbréfa, sem og við framkvæmd og uppgjör viðskipta. Þá skiptir einnig máli að markaður fyrir slíka þjónustu sé sem skilvirkastur þannig að á hverjum tíma sé val um hagkvæmar og skilvirkar lausnir á ásættanlegum kjörum. Fram til þessa hefur því miður ríkt takmörkuð samkeppni á þessum markaði. Því telja LL mikilvægt að þau skilyrði sem slíkri starfsemi eru sett séu ekki með þeim hætti að þau torveldi nýjum aðilum að koma inn á markaðinn og bjóða upp á þjónustu tengda rafrænni eignaskráningu verðbréfa sem og að annast uppgjör slíkra viðskipta. Reglur sem gera nýjum aðilum örðugt fyrir að koma inn á þennan markað mega að mati LL ekki ganga lengra en almennar reglur Evrópuréttar, að teknu tilliti til sjónarmiða um öryggi og áreiðanleika sem eðlilegt er að gera til umræddrar starfsemi.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða,



Þórey S. Þórðardóttir,
framkvæmdastjóri



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 4. desember 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu, 370. mál.

Vísað er til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þann 20. nóvember sl. þar sem óskað var umsagnar Nasdaq verðbréfamiðstöðvar („Nasdaq“) um frumvarp til laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu, 370. mál.

Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins er lögnum ætlað að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar í íslenskan rétt (e. „CSDR“).

Almennt

Nasdaq fagnar því að CSDR verði innleidd í íslenskan rétt en ljóst er að reglugerðin mun hafa í för með sér mikla réttarbót fyrir íslenskan fjármálamarkað. CSDR, sem tók gildi í ESB 17. september 2014, er fyrsta samræmda löggjöfin innan EES sem tekur til reksturs verðbréfamiðstöðva og verðbréfauppgjors en reglugerðinni er ætlað að auka skilvirkni og öryggi í uppgjöri verðbréfaviðskipta innan Evrópu ásamt því að stuðla að aukinni samkeppni milli verðbréfamiðstöðva yfir landamæri innan EES. CSDR inniheldur ákvæði um leyfisveitingar og eftirlit með verðbréfamiðstöðvum. Þá eru gerðar umfangsmiklar rekstrar- og skipulagskröfur til verðbréfamiðstöðva en þessar reglur eru mun ítarlegri og ganga lengra en núgildandi lög um starfsemi verðbréfamiðstöðva, þ.e. lög nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Þá eru gerðar viðamiklar kröfur um tæknilega framkvæmd verðbréfauppgjors sem uppfyllir alþjóðlega staðla. Starfsumgjörð verðbréfamiðstöðva er því gjörbreytt í kjölfar CSDR en öllum verðbréfamiðstöðvum innan EES er skylt að sækja um nýtt starfsleyfi á grundvelli löggjafarinnar.

CSDR er ætlað að skapa samræmda umgjörð fyrir samkeppni milli verðbréfamiðstöðva innan EES á jafnræðisgrundunni. Með þetta í huga hefur CSDR reglugerðin verið sett með hámarkssamræmingu reglna um verðbréfauppgjör og verðbréfamiðstöðvar innan EES fyrir augum.

Nasdaq verðbréfamiðstöð leggur mikla áherslu á að þess verði gætt að inn í frumvarpsdrögin rati engar óþarfar séríslenskar reglur sem eru til þess fallnar að fara gegn markmiði CSDR um hámarkssamræmingu og aukna samkeppni verðbréfamiðstöðva á jafnræðisgrundvelli innan EES. Hafa verður í huga að í CSDR eru allitarlegar kröfur varðandi rekstur og starfsemi verðbréfamiðstöðva. Séríslenskar reglur eru til þess

fallnar að auka réttaróvissu, skapa aðgangshindranir og fæla erlendar verðbréfamiðstöðvar frá því að hefja hér starfsemi eða bjóða þjónustu yfir landamæri.

Að sama skapi geta séríslenskar kröfur haft í för með sér að erlend fjármálafyrirtæki hiki við að veita erlendum fjárfestum þjónustu vegna verðbréfavíðskipta hér á landi. Ef ætlunin er að stuðla að aukinni þátttöku erlendra fjárfesta í verðbréfavíðskiptum er mikilvægt að erlend fjármálafyrirtæki séu viljug til að veita þjónustu sem milliliðir í verðbréfavíðskiptum. Rekstur verðbréfamiðstöðva og fyrirkomulag verðbréfauppgjörs verður að auka trúverðugleika og skapa traust meðal erlendra fjárfesta og byggja á regluverki í samræmi við alþjóðlega staðla. Með innleiðingu á CSDR er stigið stórt skref í átt að farsælli breytingu fyrir íslenskan verðbréfamarkað að þessu leyti.

Evrópskar verðbréfamiðstöðvar eru nú í þann mund að sækja um nýtt starfsleyfi á grundvelli reglugerðarinnar og geta að því veittu boðið þjónustu sína yfir landamæri í Evrópu og þar með talið á Íslandi. Talið er að þetta muni leiða af sér aukna samkeppni á milli verðbréfamiðstöðva og eru flestar verðbréfamiðstöðvar í Evrópu að búa sig undir þá þróun.

Nasdaq steig fyrstu skrefin í samþættingu verðbréfamiðstöðva í Evrópu með því að sameina verðbréfamiðstöðvar í sinni eigu árið 2017 á grundvelli heimildar í CSDR. Vorið 2020 mun Nasdaq verðbréfamiðstöð bæstast í hóp þeirra með sameiningu við Nasdaq CSD SE og verður þá hluti af samræmdri tækni- og þjónustuumgjörð Nasdaq CSD. Undirbúningur Nasdaq verðbréfamiðstöðvar vegna CSDR hefur staðið yfir í mörg ár og hefur krafist allsherjarendurskoðunar á allri rekstrar-, tækni- og þjónustuumgjörð fyrirtækisins. Nú er svo komið að eftirlitsaðilar hafa þegar hafið yfirferð á umsókn Nasdaq verðbréfamiðstöðvar um nýtt starfsleyfi á grundvelli CSDR en starfsemi á grundvelli nýs starfsleyfis mun hefjast við sameiningu við Nasdaq CSD.

Við sameiningu munu skapast áður óþekkt tækifæri fyrir íslenskan verðbréfamarkað. Alþjóðlegir staðlar í framkvæmd uppgjörs og fyrirtækjaáðgerða munu draga úr áhættu og auðvelda erlendum fjárfestum svo um munar að eiga viðskipti og ljúka uppgjöri með íslensk verðbréf. Tímanleg innleiðing á CSDR er þó forsenda þess að hægt sé að ljúka verkefninu. Það er því til mikils að vinna og mikilvægt að frumvarpið nái fram að ganga á þessu ári.

Samtengingar á milli verðbréfamiðstöðva

Nasdaq verðbréfamiðstöð fagnar því að með innleiðingu á CSDR verða festar í lög skýrar reglur sem miða að því að auðvelda aðgengi og samtengingar milli verðbréfamiðstöðva og þar með greiða fyrir samkeppni án þess að öryggi í starfsemi verðbréfamiðstöðva sé á nokkurn hátt ógnað.

Eins og fram kemur í aðfararorðum CSDR var talið nauðsynlegt að setja samræmdar lagareglur í Evrópu um samtengingar og aðgengi milli verðbréfamiðstöðva. CSDR gerir þannig ráð fyrir að með samtengingum á milli verðbréfamiðstöðva verði verðbréfamiðstöðvum innan EES gert kleift að bjóða þátttakendum sínum aðgang að verðbréfum sem gefin hafa verið út í öðrum verðbréfamiðstöðvum. Samkvæmt CSDR er verðbréfamiðstöð sem móttækur beiðni frá annarri verðbréfamiðstöð um slíka tengingu skylt að veita aðganginn með skilmálum sem eru sanngjarnir, réttmætir og án mismununar og sem eingöngu ætti að synja um ef hann ógnar snurðulausri og skipulegri starfsemi fjármálamarkaða eða veldur kerfisáhættu.¹

¹ Sjá 58. lið í aðfararorðum CSDR.

Með þessu hafa verið byggðir samkeppnislegir varnaglar í regluverkið þar sem skýr úrræði eru til staðar neiti verðbréfamiðstöð annarri verðbréfamiðstöð um samtengingu eða þjónustu á grundvelli ómálefnalega sjónarmiða.

Með lögfestingu CSDR er lagður grunnur að því að verðbréfamiðstöðvar innan EES geti boðið þátttakendum sínum upp á aðgang að verðbréfum sem útgefin hafa verið í verðbréfamiðstöðvum hér á landi. Að sama skapi geta íslenskar verðbréfamiðstöðvar nú óskað eftir því að tengjast verðbréfamiðstöðvum í Evrópu á grundvelli samræmdra krafna sem tryggja eiga jafnræði og málefnalega málsmeðferð.

Nasdaq verðbréfamiðstöð leggur áherslu á að eitt af grundvallarmarkmiðum CSDR er að auka samkeppni milli verðbréfamiðstöðva. Líkt og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið þá gerir CSDR ráð fyrir að það sé útgefandi fjármálagerninganna sem velji verðbréfamiðstöð innan EES. Þá gera ákvæði CSDR um samtengingar ráð fyrir að verðbréfamiðstöðvar styðji við viðskipti með fjármálagerninga á fleiri en einum markaði með samtengingum sín á milli og þannig sé hægt að gera þá aðgengilega í öðrum verðbréfamiðstöðvum.

Lokaorð

Nasdaq verðbréfamiðstöð kom að vinnu við gerð frumvarpsins í fjármála- og efnahagsráðuneytinu ásamt öðrum hagsmunaaðilum. Þrátt fyrir að í frumvarpinu sé að finna ýmiss séríslensk ákvæði umfram það sem kveðið er á um í CSDR, þá telur Nasdaq verðbréfamiðstöð að meðalhófs hafi verið gætt varðandi slíkar aðlaganir. Niðurstaða frumvarpsvinnunnar byggir á ítarlegu samráði fjármála- og efnahagsráðuneytisins við hagsmunaaðila á fjármálamarkaði þar sem málefnalegri niðurstöðu var náð með samstöðu þeirra aðila sem komu að vinnunni. Ekki var talin þörf á frekari séríslenskum aðlögunum að lokinni umræðu í samráðsnefnd. Nasdaq verðbréfamiðstöð telur því ekki ástæðu til að gera efnislegar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins og hvetur til þess að það verði samþykkt.

Nasdaq verðbréfamiðstöð hefur ekki frekari athugasemdir við frumvarpið og er undirrituð fús til frekari umræðu og samstarfs um ofangreint mál.

Virðingarfyllst,



Árnína Steinunn Kristjánsdóttir,
yfirlögfræðingur Nasdaq á Íslandi.

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 3. desember 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, 370. mál

Samtök atvinnulífsins (SA) vísa til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 20. nóvember 2019 þar sem óskað var umsagnar SA um ofangreint mál.

Með frumvarpinu er reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar (CSDR reglugerðin) innleidd í íslenskan rétt. Reglugerðin tók gildi í Evrópusambandinu árið 2014 og inniheldur fyrstu samræmdu evrópulöggjöfina sem hefur þýðingu fyrir EES sem tekur til reksturs verðbréfamiðstöðva og verðbréfauppgjors. Reglugerðinni er m.a. ætlað að stuðla að aukinni samkeppni milli verðbréfamiðstöðva innan EES, en í kjölfar gildistöðunnar verður m.a. öllum verðbréfamiðstöðvum innan EES gert skylt að sækja um nýtt starfsleyfi á grundvelli reglnanna.

Innleiðing löggjafarinnar mun hafa verulega jákvæð áhrif á íslenskan fjármálamarkað og opnar aðgang erlendra fjárfesta inn á hérlandan markað. Eins og staðan er núna gera séríslenskar kröfur það að verkum erlendir fjárfesta veigra sér við að leita inn á markaðinn. Það yrði því mikil réttarbót í því að innleiða uppgjörskerfi sem byggir á alþjóðlegum stöðlum. Af þeim sökum fagna SA innleiðingu reglugerðarinnar með fyrirbyggjandi frumvarpi.

Við innleiðingu ESB-reglugerða sem falla innan sviðs EES-samningsins í íslenskan rétt gefst ekki svigrúm til aðlögunar. Gerðirnar eru innleiddar með tilvísunaraðferð þannig að þeim er veitt lagagildi í heild sinni. CSDR reglugerðinni er sérstaklega ætlað að ná fram hámarkssamræmingu og auka samkeppni verðbréfamiðstöðva á jafnræðisgrundvelli innan EES. Ef settar eru séríslenskrar reglur í frumvarpið verður íslenski markaðurinn minna aðlaðandi fyrir erlendar verðbréfamiðstöðvar og samræmingin verður takmarkaðri. Það vinnur því gegn markmiði innleiðingarinnar. Vegna smæðar íslenska efnahagsumhverfisins er mikilvægt að kröfum reglugerðarinnar sé fylgt í einu og öllu og ekki gengið lengra en þörf er á.

Dæmi um séríslensk ákvæði er að finna í 21. gr. og 22. gr. frumvarpsins um hlutlæga ábyrgð verðbréfamiðstöðva og reikningsstofnana en sambærileg ákvæði er ekki að finna í CSDR reglugerðinni. Þau rök sem almennt eiga við um hlutlægar bótareglur eiga ekki við í þessu tilviki. Í 5. mgr. 8. gr. frumvarpsins má finna ákvæði er skyldar reikningsstofnun að framkvæma án tafar skráningu í kerfi verðbréfamiðstöðvar í ákveðnum tilvikum. Fyrir skráninguna er reikningsstofnuninni heimilt að ákvarða hæfilega þóknun sem birt skal í gjaldskrá á vefsvæði reikningsstofnunar. Í athugasemdum greinargerðar með frumvarpinu er hæfileg þóknun skýrð sem sanngjörn og hófleg. Að mati SA er óeðlilegt að löggjafinn lögfesti ákvæði um óljósan mælikvarða á verðlagningu á þjónustu fyrirtækja sem eru í samkeppnisrekstri. Loks er í 30. gr. frumvarpsins mælt fyrir um sektarviðurlög og allt að 2 ára fangelsisrefsingu ef brotið er gegn ákvæðum CSDR. Refsiramminn í Noregi fyrir sambærileg brot eru sektir eða fangelsi allt að einu

ári. Það eru engin rök fyrir því að refsingar hérlandis skuli vera tvöfalt þyngri en í Noregi. Eðlilegra væri að taka mið af framkvæmdinni á Norðurlöndum.

SA eru því fylgjandi að frumvarpið verði að lögum og reglugerðin þar af leiðandi innleidd sem fyrst. Að mati SA er þó mikilvægt að innleiðingin fari fram án setningu reglna sem innihalda séríslenskar kröfur.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins,



Heiðrún Björk Gísladóttir

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 2. desember 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna, 370. mál.

SFF fagna því að framangreint frumvarp er komið fram á Alþingi en frumvarpinu er ætlað að innleiða reglugerð ESB nr. 9009/2014 um bætt verðbréfauppgjör og verðbréfamiðstöðvar (CSDR) í lög hér á landi. SFF telja að með reglugerðinni verði tímamót á sviði löggjafar um uppgjörferli verðbréfaviðskipta hér á landi. Nýjar reglur staðla og aga vinnubrögð í uppgjörferlinu með stöðluðum rafrænum samskiptum á milli markaðsaðila, hvort sem þeir eru innlendir eða erlendir. SFF leggja ríka áherslu á að íslenskur fjármálamarkaður vinni eftir sömu reglum og gilda í Evrópu en leggja jafnframt áherslu á að ekki séu innleiddar hér á landi séríslenskar reglur nema brýna nauðsyn beri til.

Hér á eftir eru athugasemdir SFF við einstök atriði frumvarpsins:

Þóknun reikningsstofnunar

Í 5. mgr. 8. gr. segir að reikningsstofnun sé skylt að án tafar að framkvæma skráningu í kerfi verðbréfamiðstöðvar, enda framvísi viðkomandi aðili viðhlítandi gögnum um grundvöll beiðninnar. Þá er tekið fram að fyrir það er henni heimilt ákvarða hæfilega þóknun sem birt skal í gjaldskrá á vefsvæði reikningsstofnunar. Í athugasemdum við ákvæðið er hæfileg þóknun útskýrð sem sanngjörn og hófleg. Að mati samtakanna skýtur skökku við að löggjafinn festi í lög ákvæði sem ætlað er að setja óljósan mælikvarða um verðlagningu á þjónustu fyrirtækja sem eru í samkeppnisrekstri. Ekki er ljóst af ákvæðinu hvað telst hæfileg/sanngjörn og hófleg þóknun og hvaða mælikvarða reikningsstofnun er ætlað að leggja til grundvallar. Því er lagt til að orðið „hæfileg“ verði fellt brott úr ákvæðinu. Hér er mikilvægt að hafa í huga það markmið samkeppnislaga að samkeppni í viðskiptum sé bæði æskileg og nauðsynleg. Samkeppni getur bæði stuðlað að auknu og betra vöruframboði auk betri þjónustu hjá fjármálafyrirtækjum sem sérhæfa sig á þessu tiltekna sviði. Það er því afar mikilvægt að fjármálafyrirtæki geti keppt í viðskiptum bæði hvað varðar vöruframboð og verð. Að mati SFF er ekki heppilegt að löggjafinn setji í lög reglur sem skerða frjálsa samkeppni nema brýnir almannahagsmunir mæli með því. Ekki verður séð að svo sé í þessu tilviki.

Aðgangur hlutafélaga að upplýsingum í verðbréfamiðstöð

Ákvæði 15. gr. mælir fyrir um að verðbréfamiðstöð skuli veita hlutafélögum aðgang að upplýsingum í verðbréfamiðstöð um skráða eigendur hlutabréfa í viðkomandi hlutafélagi sem þar er eignarskráð. Hið sama gildir um aðgang rekstrarfélaga verðbréfasjóða að upplýsingum um eigendur hlutdeildarskírteina og hluta í sjóðum í rekstri þeirra. SFF telja mikið hagræði af þessu ákvæði í frumvarpinu. Í þessu samhengi óska SFF eftir því að þingið taki til skoðunar

hvort veita eigi útgefendum rafrænt skráðra fjármálagerninga viðlíka lagaheimild til að afla upplýsinga um eigendur slíkra fjármálagerninga hjá verðbréfamiðstöð. Upp geta komið aðstæður hjá útgefendum rafrænt skráðra fjármálagerninga þar sem nauðsynlegt er að þeir hafi samband við eigendur, svo sem vegna skilmálabreytinga eða í tengslum við greiðslur. Í framkvæmd hefur það til dæmis aukist að rafrænt skráð skuldabréf innihaldi skilmála þar sem eigendur gefa útgefanda heimild til að afla upplýsinga hjá verðbréfamiðstöð um skráða skuldabréfaeigendur á hverjum tíma. Þetta vill stundum gleymast hjá útgefendum og af því geta hlotist ýmis vandræði. Við slíkar aðstæður hafa útgefendur t.d. haft samband við reikningsstofnanir og óskað hafa milligöngu þeirra um að reyna að hafa samband við skuldabréfaeigendur með misjöfnum árangri. Með slíkri lagaheimild felst viðskiptahagræði og aukið gagnsæi á markaði.

Hlutlæg skaðabótaábyrgð

Í 21. og 22. gr. er mælt fyrir um hlutlæga ábyrgð verðbréfamiðstöðvar og reikningsstofnunar á tjóni. Í greinargerð segir að hlutlæg ábyrgð sé að norski og sænski fyrirmynd. Eftir því sem SFF komast næst er þetta ekki rétt. Í greinargerð með norsku frumvarpi til innleiðingar á CSDR á bls. 172 kemur fram að með innleiðingu CSDR í Noregi verði eldri ákvæði norskra laga um hlutlæga skaðabótaábyrgð verðbréfamiðstöðvar og reikningsstofnunar felld niður þar sem almennar skaðabótareglur er taldar nægilegar til að vernda hagsmuni mögulegra tjónþola gegn tjóni sem þeir kunna að verða fyrir. Orðrétt segir í greinargerðinni: *“Arbeidsgruppen har dessuten foreslått at någjeldende verdipapirregisterlov § 9-1 annet ledd ikke videreføres i den nye loven. Bestemmelsen fastsetter at verdipapirregisteret er ansvarlig for annet økonomisk tap dersom det skyldes uaktsomhet fra registerets side eller hos noen registeret svarer for. Arbeidsgruppen har vist til at etter norsk rett gjelder det et strengt, ulovfestet uaktsomhetsansvar for profesjonsutøvere. Videre hefter dessuten verdipapirregisteret og kontoforere for feil begått av deres arbeidstakere og kontraktshjelpere etter bakgrunnsretten. Arbeidsgruppen mener at det foreslåtte kontrollansvaret, sett i sammenheng med bakgrunnsretten, vil være tilstrekkelig til å sikre eventuelle skadelidtes interesser.”* SFF sjá ekki nein rök fyrir því að hér á landi gildi strangari reglur um þetta atriði en í Noregi og leggja því til að ákvæði VII. kafla frumvarpsins verði felld brott.

Viðurlög

Í 30. gr. er mælt fyrir um að það verði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við brotinu samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum CSDR. Það vekur athygli að refsiramma ákvæðisins er allt að tveggja ára fangelsi. Til samanburðar má nefna að refsiramma norsku laganna er sektir eða fangelsi allt að einu ári. Ekki verður séð að sérstök rök liggi fyrir tvöfalt þyngri refsingum hér á landi en í Noregi. Því SFF telja eðlilegt að refsiramminn verði lækkaður til samræmis við norsku lögin.

Virðingarfyllst,

Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2019

Frumvarp til laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna. Þingskjal 460 — 370. mál.

Inngangur

1. Umsögn þessi er sett fram fyrir hönd Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf. (VBM) sem hefur starfsleyfi sem verðbréfamiðstöð í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Í því felst fyrst og fremst rafræn útgáfa verðbréfa og eignarskráning verðbréfa.
2. Með tilkomu VBM er skapaður grundvöllur fyrir *samkeppni* á milli verðbréfamiðstöðva á íslenskum markaði, þ.m.t. *verðsamkeppni*. Um árábil var Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. (Nasdaq) eina starfrækta verðbréfamiðstöðin á Íslandi. Að VBM standa meðal annars innlendir lífeyrissjóðir og fjármálafyrirtæki, og kemur VBM til með að verða mikilvægur innlendir fjármálainnviður, þegar starfsemi þess kemst á fullt skrið.
3. Ársreikningar Nasdaq, sem eru meðal annars aðgengilegir á heimasíðu þess, hafa endurspeglad einráða stöðu þess á íslenskum markaði, þ.m.t. fjárhagslegan styrk, framlegð og arðsemi eigin fjár, sem er í engu samræmi við það sem jafnan tíðkast á virkum samkeppnismarkaði. Frá því að tilkynnt var um stofnun VBM á sínum tíma hefur Nasdaq enda ítrekað lækkað gjaldskrá sína. Sýnir þetta greinilega fram á mikilvægi samkeppni á þessu sviði eins og öðrum.

Meginefni frumvarpsins

4. Líkt og fram kemur í meginefni frumvarpsins er lögð til innleiðing á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar í íslenskan rétt. Reglugerðin er á ensku jafnan kölluð „Central Securities Depositories Regulation“ eða CSDR. Reglugerðin breytir umgjörð um starfsemi verðbréfamiðstöðva töluvert og felur í sér auknar kröfur til verðbréfamiðstöðva, uppgjors fjármálagerninga og verðbréfauppgjörskerfa. Allar verðbréfamiðstöðvar innan EES þurfa að sækja um nýtt starfsleyfi samkvæmt CSDR. Verðbréfauppgjörskerfin sem verðbréfamiðstöðvar reka verða að standast gæðaprófun og þær kröfur sem reglugerðin gerir til þeirra til að geta fengið starfsleyfi. CSDR kveður einnig á um breytta stjórnarhætti verðbréfamiðstöðva, hertar eiginfjárkröfur og áhættustýringu. CSDR er einnig ætlað að bæta uppgjör fjármálagerninga.
5. Í CSDR er jafnframt fjallað um *samtengingar* svokallaðar á milli verðbréfamiðstöðva, sem geta verið beinar eða óbeinar. Fram kemur í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til laganna að bæði *útgefendur og reikningsstofnanir* geta flutt fjármálagerninga á milli verðbréfamiðstöðva í gegnum samtengingar, sem er til þess fallið að auka samkeppni á milli verðbréfamiðstöðva. Er þetta í samræmi við það sem sérfræðingar fjármálaráðuneytisins hafa tjáð VBM varðandi ástæður þess að 4. málsl. 13. gr. núgildandi laga nr. 131/1997 er felldur brott. Er gengið út frá því hér að þessi skilningur sem birtist í frumvarpinu sé réttur.
6. Fram kemur einnig í almennum athugasemdum með frumvarpinu að CSDR gerir ráð fyrir að aðildarríkin hafi nokkuð svigrúm varðandi það hvaða reglur skuli gilda að landsrétti svo fremi sem þær gangi ekki gegn ákvæðum reglugerðarinnar, svo sem varðandi eignarskráningu fjármálagerninga. CSDR hefur nokkra skörun við lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997, þar sem þau gilda um starfsemi verðbréfamiðstöðva, verðbréfauppgjör, rafræna útgáfu verðbréfa og skráningu eignarréttinda yfir þeim. Með frumvarpinu er lagt til að tiltekin ákvæði laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa, sem CSDR nær ekki til, verði færð í lög um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, þar á meðal ákvæði um eignarskráningu verðbréfa og þá réttarvernd sem hún felur í sér. Samhliða því er lagt til að lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa verði að öðru leyti felld brott.

Helstu athugasemdir VBM

Samkeppni

7. Frumvarpið gerir meðal annars ráð fyrir, samkvæmt framansögðu, að útgefendur og reikningsstofnanir geti flutt fjármálagerninga á milli verðbréfamiðstöðva í gegnum *samtengingar* sem sé til þess fallið að auka samkeppni á milli verðbréfamiðstöðva.
8. Í framkvæmd er þó allt eins líklegt að samkeppni milli verðbréfamiðstöðva verði ekki í gegnum *samtengingar* sem slíkar, heldur frekar að útgefandi, sem hefur gert útgáfusamning við verðbréfamiðstöð um að taka bréf til skráningar, *segi upp* hlutaðeigandi útgáfusamningi, þ.e. *afskrái* bréfin, og taki bréfin til skráningar í annarri verðbréfamiðstöð, svo sem ef honum býðst betri kjör. Sú aðferð verður væntanlega einfaldari og skilvirkari í framkvæmd, í stað fyrrnefndra tenginga, og um leið *forsenda raunverulegrar samkeppni*.¹
9. Samkvæmt því sem segir í 2. málsl. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, má gefa út hlutabréf *samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins* með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð. Til að fyllsta samræmis gæti er rétt að lög kveði á um að *stjórn félags*, þ.e. útgefandi, geti á sama hátt tekið ákvörðun um að taka aðra fjármálagerninga til rafrænnar skráningar, sem og að taka slíka gerninga úr rafrænni skráningu í tiltekinni verðbréfamiðstöð, líkt og raunin verður kjósi útgefandi að flytja skráningu sína annað. VBM teldi *framangreint mjög til bóta*, þótt þetta leiði raunar af almennum reglum og eðli máls. Sömuleiðis sýnist rétt og eðlilegt að mælt sé fyrir um eðlilegan hámarks uppsagnarfrest í þessu tilliti, sem gæti t.d. verið ákveðinn 3-6 mánuðir.
10. Sé ekki mælt fyrir um framangreind atriði í skráðum lögum, sér í lagi ákvörðun varðandi afskráningu, er viðbúið að markaðsráðandi aðilar reyni að byggja lagalegar og tæknilegar hindranir sem standi flutningi útgáfa milli verðbréfamiðstöðva í vegi, jafnvel þótt langsóttar séu. Þess merki má raunar sjá í reglum Nasdaq, sem hefur verið einrátt á íslenskum markaði, sem fyrr segir. Þar segir t.a.m. undir grein 3.6.1 (sjá fylgiskjal) að óski útgefandi afskráningar þurfi „fullnægjandi samþykki eigenda rafbréfanna“, í stað þess að *ákvörðun stjórnar* nægi

¹ Einnig er hægt að semja um samhliða útgáfu við tvær eða fleiri verðbréfamiðstöðvar.

líkt og lög mæla fyrir um þegar bréf eru tekin til skráningar. Sömuleiðis, að „Nasdaq verðbréfamiðstöð leggur mat á það hverju sinni *hvort forsendur séu til staðar til að afskrá rafbréfin*“, þ.e. að afskráning sé nánast háð *sjálfðæmi Nasdaq* hvað sem líður óskum útgefanda. Atriði á borð við þessi eru síst til þess fallin að tryggja virka samkeppni, heldur eru þvert á móti skólabókardæmi um hindranir sem markaðsráðandi aðilar geta reynt, og eru líklegir, til að nýta sér sem skálkaskjól. Með því er þá *girt fyrir virka samkeppni*, hinum endanlegum hagaðilum, þ.e. neytendum, til tjóns. VBM skorar á löggjafann að girða fyrir slíkt.

Gildistaka

11. Samkvæmt upphaflegum frumvarpsdrögum var gert ráð fyrir að lögin tækju gildi 1. apríl 2020. Samkvæmt frumvarpinu hefur gildistaka þeirra hins vegar verið færð fram um þrjá mánuði, sem kemur á óvart. Engar skýringar er að finna á þessu.
12. VBM hefði talið eðlilegt að miða við fyrri tillögur í þessu tilliti, meðal annars til að betra ráðrúm gefist til að vinna að undirbúningi beiðni nýs starfsleyfis, sem er flókið, kostnaðarsamt og tímafrekt ferli.

Að lokum

13. VBM óskar þess að tekið verði tillit til þessara athugasemda, sem einfalt er að hrinda í framkvæmd. VBM óskar þess jafnframt að fulltrúum þess gefist kostur á að fylgja þessari umsögn eftir á fundi efnahags- og viðskiptanefndar.

Virðingarfyllst,
f.h. Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf.

Erla Aðalgeirsdóttir

Fylgiskjal

Töluliður 3.6.1 úr reglum Nasdaq verðbréfamiðstöðvar

3.6 Lok skráningar

- 3.6.1 Útgefandi getur óskað eftir því að rafbréf verði afskráð. Slíkri beiðni skal fylgja staðfesting á fullnægjandi samþykki eigenda rafbréfanna. Nasdaq verðbréfamiðstöð leggur mat á það hverju sinni hvort forsendur séu til staðar til að afskrá rafbréfin.
- 3.6.2 Við gjaldþrot, innlausn, samruna eða aðrar sambærilegar aðgerðir sem leiða til þess að skráningu verðbréfaflokks skuli hætt, fer að 45. gr. reglugerðar nr. 397/2000.

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2019

Efni: Frumvarp til laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga. (Mál nr. 370)

Viðskiptaráð hefur tekið til umsagnar drög að frumvarpi til laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Með frumvarpinu er verið að innleiða í landslög reglugerð ESB nr. 9009/2014 eða CSDR reglugerðina. Frumvarpinu ber að fagna að því leytinu til að það tryggir að íslensk löggjöf á þessu sviði sé í samræmi við gildandi rétt á Evrópska efnahagssvæðinu.

Viðskiptaráð tekur undir athugasemdir Samtaka fjármálafyrirtækja er varða frumvarpið og telur mikilvægt að ekki sé verið að innleiða reglugerðina með meira íþyngjandi hætti hérlandis en tíðkast í okkar nágrannalöndum.

Gætt að samkeppnishindrunum

Í CSDR reglugerðinni er fjallað um svokallaðar samtengingar á milli verðbréfamiðstöðva, sem geta verið beinar og óbeinar. Í athugasemdum með greinargerð frumvarpsins kemur fram að bæði útgefendur og reikningsstofnanir geti flutt fjármálagerninga á milli verðbréfamiðstöðva í gegnum samtengingar, sem sé til þess fallið að auka samkeppni á milli verðbréfamiðstöðva.

Ekki er þó endilega víst að þessar umræddu samtengingar tryggi samkeppni verðbréfamiðstöðva í framkvæmd. Þannig gæti til að mynda útgefandi sem hefur gert útgáfusamning við verðbréfamiðstöð ákveðið að segja upp þeim samningi, þ.e.a.s. að afskrá bréfin, og taka þau til skráningar í annarri verðbréfamiðstöð. Lögin eru aftur á móti hljóð um hvernig standa eigi að slíkri ákvörðun og/eða hvernig hátt skuli uppsögn.


Nú sem stendur kveða hlutafélagalög á um að stjórn geti ákveðið að gefa út hlutabréf með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð, en hlutafélagalög eru aftur á móti hljóð um ákvörðun afskráningar slíkra gerninga eða uppsagnarfrest á slíkum samningi ef út í það er farið. Viðskiptaráð telur mikilvægt að allur vafi sé tekin af um slík atriði og mælt sé fyrir í lögum að stjórn geti á sama hátt ákveðið að afskrá slíka gerninga.

Sé ætlunin að tryggja fulla samkeppni milli verðbréfamiðstöðva hérlandis telur ráðið ráðlagt að kveða á um þessa ákvörðun í lögum, þannig að komið sé í veg fyrir hugsanlegar samkeppnishindranir á þessum markaði.

Viðskiptaráð tekur undir athugasemdir Samtaka fjármálafyrirtækja, og leggur jafnframt til þá breytingu að kveðið verði á í lögum um afskráningu fjármálagerninga og uppsagnarfrest þeirra svo tryggja megi betur samkeppnisskilyrði á umræddum markaði. Að lokum áskilur Viðskiptaráð sér rétt

til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og er reiðubúið að skýra þessa umsögn
nánar og svara spurningum, sé þess óskað.

Virðingarfyllt,



Ásta Sigríður Fjeldsted,
framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands